

## Hlutverk ráðgefandi loftslagsráða við að styðja leiðtoga heimsins í að standa við Parísarsamninginn

**Til:** Leiðtoga ríkisstjórna sem eiga aðild að Parísarsamningum

**Afrit:** Rt Hon Alok Sharma, forseti Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og Patricia Espinosa framkvæmdastjóri Loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna

Kæru leiðtogar,

Í dag koma leiðtogar alls staðar að úr heiminum saman í Glasgow til að marka upphaf COP26 – sem er einn mikilvægasti áfanginn fyrir heimssamfélagið frá Parísarsamningnum árið 2015. Á næstu tveimur vikum mun heimurinn fylgjast með því hvort ríkisstjórnir muni gera það sem þarf til að takast á við loftslagsbreytingar og breyta skuldbindingum sínum í aðgerðir.

Rökin fyrir aðgerðum hafa aldrei verið skýrari þar sem nýleg sjötta matskýrsla IPCC (Milliríkjanefndar Sp um loftslagsbreytingar) sýnir ótvíræða ábyrgð mannsins á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Við vitum hvað þarf að gera og að það er tæknilega og efnahagslega framkvæmanlegt að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins með viðeigandi alþjóðlegum stuðningstigi við þróunarlönd. Aðgerðir núna munu bæta lífsgæði um allan heim; aðgerðaleyfi mun hafa afleiðingar fyrir okkur öll, sérstaklega þá sem búa við mesta tjónnæmið. Leiðtogafundurinn í Glasgow verður að marka upphaf nýs áfanga loftslagsaðgerða – áratug framkvæmdar.

Loftslagsráð sem hafa ráðgefandi hlutverk við stjórnvöld í hverju landi geta gegnt mikilvægu hlutverki í þessu átaki<sup>1</sup> með því að veita sérfræðiráðgjöf byggða á staðreyndum sem upplýsir stefnumörkun og með öfluglu, óháðu mati og virkni í því augnamiði að halda öllum við efnið. Fjöldi loftslagsráða með mismunandi eðli og verksvið hafa verið stofnuð um allan heim á undanförunum árum.

Í dag er formlega stofnað til samstarfs loftslagsráða um heim allan sem ber yfirskriftina *International Climate Councils Network (ICCN)* en ráðin hafa átt árangursríka fjárfundi fyrr á árinu til að móta samstarfið. ICCN mun verða vettvangur til að auðvelda samvinnu, deila reynslu og veita gagnkvæman stuðning milli loftslagsráða víðsvegar að úr heiminum.

---

<sup>1</sup> Cynthia Elliott et al (2021) Climate Advisory Bodies: Experiences and Approaches for Effective Climate Change Policy, WRI, Washington, <https://www.theccc.org.uk/publication/climate-advisory-bodies-wri/> and N. Evans, M. Duwe (2021) Climate governance systems in Europe: the role of national advisory bodies. Ecologic Institute, Berlin; IDDRI, Paris, <https://www.ecologic.eu/18093>

---

Við teljum eftirfarandi vera grundvallaratriði og nauðsynlega þætti til að gera loftslagsráðum kleift að sinna hlutverki sínu á áhrifaríkan hátt:

- Að starfið byggi á traustum grunni nýjustu loftslagsvísinda, eins og mat Milliríkjanefndar Sp um loftslagsbreytingar (IPCC) ber glöggt vitni um, og sé stutt af traustri sérfræðipekkingu í viðeigandi efnahags-, eðlis-, vist- og félagsvísindum.
- Hafi umboð til að veita óháða ráðgjöf byggða á staðreyndum og til að leggja mat á aðgerðir stjórnvalda og hagaðila til mótvægis gegn og aðlögunar að loftslagsbreytingum og hafi til þess nægjanlegt fjármagn.
- Hafi svigrúm til að veita ráðgjöf um félags- og hagfræðilega þætti í loftslagsumskiptum í því augnamiði að tryggja að umskiptin séu sanngjörn bæði hvað varðar málsmeðferð og innihald.
- Beiti nálgun sem er ráðgefandi og óhlutdræg við virkjun hagaðila sem skapar samstöðu og beinir framkvæmd í farveg einkum þar sem viðfangsefnið er sérstaklega mikilvægt og krefjandi.
- Setji samþættingu aðlögunar, mótvægisáðgerða og réttláttra umskipta í brennidepil – þetta eru þrjár ómissandi forsendur árangursríkra viðbragða við loftslagsvá.

Við hvetjum allar ríkisstjórnir til að íhuga að koma á fót loftslagsráði eða sambærilegu fyrirkomulagi sem hefur ofangreind grunnviðmið að leiðarljósi til að styðja viðleitni þeirra við að hrinda Parísarsamningnum í framkvæmd. Við erum reiðubúin að hjálpa til af fremsta megni. ICCN hlakkar einnig til að taka á móti fleiri ráðum sem deila þessari grundvallarnálgun og vilja læra af reynslu annarra þjóða.

Ef þú vilt frekari upplýsingar um International Climate Councils Network, vinsamlegast hafðu samband við ráðin hér að neðan. Fyrir Ísland er það [gudny@loftslagsrad.is](mailto:gudny@loftslagsrad.is). Almennum fyrirspurnum má beina til: [climatecouncilsnetwork@gmail.com](mailto:climatecouncilsnetwork@gmail.com)

Virðingarfyllst,

**Brad Archer**, CEO Climate Change Authority (*Australia*)

**Dr Rick Smith**, President, Canadian Institute for Climate Choices/Institut Canadien Pour des Choix Climatiques (*Canada*)

**Dr Dan Wicklum**, Co-Chair, Net-Zero Advisory Body and **Ms Marie-Pierre Ippersiel**, Co-Chair, Net-Zero Advisory Body/Groupe Consultatif pour la Carboneutralité (*Canada*)

**Professor Maisa Rojas**, Coordinator, Comité Científico de Cambio Climático [Scientific Advisory Committee on Climate Change] (*Chile*)

**MSc. Lenin Corrales**, Chair, Consejo Científico de Cambio Climático (4C) [Scientific Council on Climate Change] (*Costa Rica*)

**Professor Peter Møllgaard**, Chair, Klimarådet [Council on Climate Change] (*Denmark*)

---

---

**Markku Ollikainen**, Chair, Suomen ilmastopaneeli [The Finnish Climate Change Panel] *(Finland)*

**Professor Corinne Le Quéré**, Chair, Haut Conseil pour le Climat [High Council on Climate] *(France)*

**Professor Costas Synolakis**, Chair, Ειδική Επιστημονική Επιτροπή για την Αντιμετώπιση της Κλιματικής Αλλαγής [National Scientific Climate Change Council] *(Greece)*

**Dr Alex Guerra**, Chair, Sistema Guatemalteco de Ciencias de Cambio Climático [Guatemala Climate Change Science System] *(Guatemala)*

**Halldór Thorgeirsson**, Chair, Loftslagsráð [Climate Council] *(Iceland)*

**Marie Donnelly**, Chair, An Chomhairle Chomhairleach um Athrú Aeráide [Climate Change Advisory Council] *(Ireland)*

**Tzinnia Carranza**, Chair, Consejo Consultivo de Cambio Climático [Advisory Council on Climate Change] *(Mexico)*

**Dr Rod Carr**, Chair, He Pou a Rangi - Climate Change Commission *(New Zealand)*

**Valli Moosa**, Deputy Chair, Presidential Climate Commission *(South Africa)*

**Johan Kuylenstierna**, Chair, Klimatpolitiska Rådet [Climate Policy Council] *(Sweden)*

**Lisbeth Schultze**, Chair Nationella expertrådet för klimatanpassning [Expert Council on Climate Adaptation] *(Sweden)*

**Dr Kathy Riklin**, Organe consultatif sur les changements climatiques/Beratendes Organ für Fragen der Klimaänderung [Advisory Body on Climate Change] *(Switzerland)*

**Lord Deben**, Chair, Climate Change Committee and **Baroness Brown**, Chair, Climate Change Adaptation Committee *(United Kingdom)*

 <b>INTERNATIONAL CLIMATE COUNCILS NETWORK</b>		
 <b>CLIMATE CHANGE AUTHORITY</b>	<small>CANADIAN INSTITUTE FOR CLIMATE CHOICES</small>  <small>INSTITUT CANADIEN POUR LES CHOIX CLIMATIQUES</small>	<b>Net-Zero</b> <small>Advisory Body</small>  <small>• Groupe consultatif pour la carboneutralité</small>
<small>COMITÉ CIENTÍFICO DE CAMBIO CLIMÁTICO</small>	<b>Klimarådet.</b>	 <b>SUOMEN ILMASTOPANEELI</b> <small>The Finnish Climate Change Panel</small>
<b>HAUT CONSEIL pour le CLIMAT</b>	 <b>SGCCC</b> <small>Sistema Guatemalteco de Ciencias del Cambio Climático</small>	<b>LOFTSLAGSRÁÐ</b> /// <small>ICELANDIC CLIMATE COUNCIL</small>
	 <b>He Pou a Rangī</b> <small>Climate Change Commission</small>	 <b>PRESIDENTIAL CLIMATE COMMISSION</b> <small>THE WHITE HOUSE</small>
 <small>SWEDISH CLIMATE POLICY BOARD</small> <b>Klimatpolitiska rådet</b>	<b>NATIONELLA EXPERTRÅDET FÖR KLIMATANPASSNING</b>	<b>OcCC</b> <small>Organe consultatif sur les changements climatiques  Beratendes Organ für Fragen der Klimaänderung</small>
 <b>Climate Change Committee</b>		